



Reykjavíkurborg

Neyðarstjórn

Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Viðbragðsáætlun
vegna veðurs í neyðarskýlum
Reykjavíkurborgar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Janúar 2023



1. Markmið

Stefna í málefnum heimilislausra 2019-2025 var samþykkt árið 2019. Í yfirmarkmiði A segir;

Að enginn neyðist til að sofa úti

Sveitarfélögum ber skylda til að veita íbúum sínum aðstoð þegar þeir geta ekki leyst úr húsnæðisvanda sínum sjálfir og því ber að stefna að því að enginn neyðist til að sofa úti. Í því skyni þarf að tryggja nægan fjölda neyðarrýma og meta þörf á bráðabirgðahúsnæði fyrir fólk á meðan unnið er að varanlegri lausnum fyrir hvern og einn einstakling. Útbúa þarf viðbragðsáætlanir til að bregðast við í neyð þegar spáð er kuldakasti eða óveðri sem er þess eðlis að hætta sé á ofkælingu og/eða alvarlegum slysum hjá þeim sem eiga hvergi höfði sínu að halla og vilja ekki nýta þjónustu neyðarskýla. Slíkar viðbragðsáætlanir byggja á samvinnu allra viðbragðsaðila í Reykjavík, bráðamóttöku Landspítala, lögreglu, Rauða krossins, forsvarsmanna tjaldsvæða, Vettvangs- og ráðgjafateymis Reykjavíkurborgar (VOR-teymis) og neyðarúrræða fyrir heimilislausa.

2. Tilgangur

Viðbragðsáætlun þessi hefur þann tilgang að undirbúa neyðarskýli fyrir aukna aðsókn og breyttan opnunartíma, sem og að tryggja upplýsingaflæði til notenda í ótryggum aðstæðum. Þá er áætluninni ætlað að upplýsa viðbragðsaðila og aðila sem veita heimilislausum þjónustu þegar viðbragðsáætlun er virkjuð.

3. Virkjun viðbragðsáætlunar

3.1 Tilkynning um atburð, boðun og afboðun

Tilkynning um atburð sem hefur valdið eða getur valdið neyðarástandi skal berast sviðsstjóra eða staðgengils hans.

Sviðsstjóri/staðgengill kallar saman neyðarstjórn eftir atvikum. Neyðarstjórn ákvarðar viðbragð og afboðar/afléttir viðbragði.

Atburður - óveður:


Áætlunin er virkjuð þegar um rauða eða appelsínugula viðvörun er að ræða og Almannavarnir ráðleggja fólki almenntað halda sig inni.

Ef slík veðurskilyrði eru fyrrsjáanleg tekur neyðarstjórn velferðarsviðs ákvörðun um aukna opnun neyðarskýla.

Ef slíkar aðstæður skapast óvænt aðlaga neyðarskýlin opnun í samráði við sviðsstjóra velferðarsviðs/staðgengil hans.

Atburður - kuldakast:

Ofkæling (<35C) getur orsakast af lengdri viðveru í miklum kuldum. Viðbragðsáætlunin er virkjuð í miklu frosti vegna aukinnar hættu á ofkælingu þeirra sem neyðarskýlin nýta og hafa takmarkað aðgengi að úrræðum utan opnunartíma þeirra (kl. 10-17). Fylgst er náið með veðurspám og staðan metin reglulega.



Ef slíkar aðstæður skapast óvænt aðlaga neyðarskýlin opnun í samráði við sviðsstjóra velferðarsviðs/staðgengils.

Ef slík veðurskilyrði eru fyrirsjáanleg tekur neyðarstjórn velferðarsviðs ákvörðun um aukna opnun neyðarskýla.

3.2. Virkjun viðbraðgsáæltunar

1. Starfsmaður neyðarstjórnar ~~Sviðsstjóri eða staðgengill~~ sendir tölvupóst til allra forstöðumanna HMFÞ, forstöðumanna H79 og M20, forstöðukonu Konukots og VoR teymisins og tilkynnir að virkja þurfi viðbraðgsáætlun vegna veðurs. Minnt á mikilvægi þess að búsetan skapi stemningu innandyra til að hvetja íbúa til að vera inni.
2. Sviðsstjóri upplýsir velferðarráð um ákvörðun neyðarstjórnar og rökstuðning hennar.
3. Forstöðumenn tryggja mönnun í samræmi við lengdan opnunartíma.
4. Starfsmaður neyðarstjórnar velferðarsviðs tilkynnir um lengdan opnunartíma til eftirtalinna aðila;
 - a. Tilkynningar á vefmiðlum borgarinnar (upplýsingafulltrúi velferðarsviðs)
 - b. Tölvupóstur til:
 - i. Aðalvarðstjóra lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu
 - ii. Frú Ragnheiður
 - iii. Kaffistofa Samhjalpar
 - iv. Skjólíð, Ylja og Laufeyjarteymi
 - v. Fulltrúa velferðarráðs
5. Önnur verkefni
 - a. Teymisstjóri VoR tryggir eftirfarandi:
 - i. samráð milli teymismeðlima til að ná yfirsýn yfir notendahópin sem er í áhættu á að komast ekki í skjól.
 - ii. upplýsingar til bráðamóttöku Landspítala
 - iii. símtal til fulltrúa Frú Ragnheiðar með áherslu á samþætt átak við að skima hvort einhver sé í neyð
 - iv. sendir tölvupóst til deildarstjóra HMFÞ, framkvæmdastjóra Vesturmiðstöðvar og annarra forstöðumanna þegar hefur verið lokið við upptalin atriði.



Reykjavíkurborg

- b. Forstöðumaður Gistiskýlisins tryggir eftirfarandi:
 - i. símtal til Barka
- c. Forstöðumaður neyðarskýlisins Granda tryggir eftirfarandi:
 - i. símtal til Kaffistofu Samhjalpar